

Pési



Lesið þetta

- “Í nótt hefur vorið”
- Auglýsingar
- Fréttir
- Tónleikar
- Kosningar

Næsti Pési kemur út 14.júní.Skil á efni er 9. júní

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Kökubasar	10
Sveitarstjórnarkosningar	12
Tónleikar	17
Smári	18

Maí 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 238. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Anna, norrænn tungumálafrömuður!

Önnu Ásmundsdóttur kennara er margt til lista lagt. Hún er leiðsögumaður og hefur ferjað margan hópinn hér um hreppinn í gegnum tíðina. Krummarnir sem annarstaðar er getið í Pésanum hrósuðu fararstjóranum sérstaklega og það minnir okkur á það hve þjónustulund skiptir miklu máli í ferðaþjónustunni sem og í öðrum störfum. Nýlega útnefndi Norræna ráðherranefndin Önnu sem „sprog pilot“, eða norrænan tungumálafrömuð eða norrænan tungumálasendiherra. Þetta er mikil upphæfð og er Önnu óskað til hamingju með vegsemdina enda er hún mikill áhugamaður um norræna samvinnu og hefur leitt samstarf Flúðaskóla við Grandtofte skólann í Danmörku.



Strákarnir í 6.bekk í Flúðaskóla byggja kínverska kaplaturinn.
Peir heita. Óskar, Einar , Rúnar, Hákon og Ágúst.



Í nótt hefur vorið verið á ferli og vorið er ekki af baki dottið því áður en fólk kom á fætur í morgun var fyrsta grasið úr moldinni sprottið.

Þannig orti Tómas Guðmundsson í ljóðinu **Í nótt kom vorið** sem birt var í bókinni **Föggu veröld** árið 1930. Það er vor- og sóknarhugur í okkur þessa dagana. Bændur keppast við að undirbúa jörðina fyrir sumarið, sauðburður stendur sem hæst, hestamenn ríða út, kórarnir halda tónleika og félög halda aðalfundi sína. Sveitarstjórnarkosningar eru í nánd með breytingum sem oftast eiga sér stað í kosningum. Óvenju lítill áhugi er í landinu fyrir sveitarstjórnarkosningum að þessu sinni sem stafar væntanlega af efnahagshruni og mikilli rannsóknarskýrslu sem eðlilega hefur vakið mikla athygli á Íslandi. Einnig setur eldgos strik í reikninginn. Hvað sem um kosningar má segja getum við verið ánægð með að búa á landi þar sem við getum á fjögurra ára fresti valið okkur fulltrúa til þess að fara með stjórn sveitarfélaga. Sveitarfélagið er ekkert annað en sameiginlegt félag okkar og oft er sagt „veldur hver á heldur“. Þegar horft er um öxl getum við í stórum dráttum verið nokkuð ánægð með rekstur sveitarfélagsins. Fyrir sex árum vantaði um 5% uppá að tekjur sveitarfélagsins dygðu fyrir rekstri. Jafnt og þétt hefur reksturinn verið að batna, að frátöldu árinu 2008 en þá átti hið efnahagslega hrun sér stað á Íslandi sem reyndi mjög á sveitarfélög landsins. Á síðasta fundi sveitarstjórnar var ársreikningur Hrunamannahrepps samþykktur. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 21.7 milljónir, rekstrar- niðurstaða A og B hluta var 12.4 milljónir. Fjárfesting nam 12.9 milljónum. Veltufé frá rekstri var 83 milljónir eða 7.2%. Heildareignir eru 875 milljónir og heildarskuldir 697 milljónir. Eigið fé er 173 milljónir. Góður rekstur sveitarfélagsins þarf að vera eins og góður rekstur heimilis, við megum ekki reisa okkur burðarás um öxl. Það er ýmislegt sem enn á eftir að framkvæma í sveitarfélagi eins og okkar. Við höfum þó borið gæfu til að láta ekki freistast til þess að fara þá leið sem sum sveitarfélög hafa farið það er að selja fasteignir, eða láta aðra aðila byggja upp hús, sundlaugar o.þ.h. og leigja síðan sveitarfélögum. Eftir efnahagshrunið hefur þetta komið sér afar illa. Þess eru dæmi að sveitarfélög hafi selt félagsheimili og aðrar eignir og leigja síðan fyrir milljónir króna. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur verið samhent þetta kjörtímabilið og það er vel því samstaða skiptir miklu máli í samfélaginu. Aldrei er hægt að gera svo öllum líki og oftast eru þeir sem gagnrýna harðast, ekki tilbúnir til þess að axla þá ábyrgð sem felst í því að vera í sveitarstjórn, því það er miklu léttara að hafa lausnirnar þegar setið er í heita pottinum eða við eldhúsbordið. Fráfarandi hreppsnefnd eru þökkud farsæl störf, ný hreppsnefnd bíður handan við hornið.

Ísólfrur Gylfi Pálmason.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Skáksnillingar á Halldórsmóti

Það er leikur að læra segir í gömlu skemmtilegu lagi. Skólastarf hefur gengið vel í vetur bæði í leik- og grunnskóla. Alltaf er verið að brydda uppá nýjungum, sumar takast vel, aðrar eru endurskoðaðar m.t.t. Þess hvernig þær takast. Hins vegar megum við aldrei gleyma að stöðnun leiðir til hnignunar og hjá okkur er engin stöðnun langt í frá, hvorki í skólastarfi eða öðru. Það var gaman að fylgjast með 92 nemendum tefla á svokölluðu Halldórsmóti en þetta var annað árið í röð sem mótið er haldið til minningar um öðlinginn Halldór heitinn Gestsson sem kenndi mörgum ungum mannum að tefla. Mótið var umsjónarmönnum og þátttakendum til mikils sóma.

Múrbúðin opnar

Framkvæmdaglaðir menn kætast þessa dagana því nú hefur ný byggingarvöruverslun opnað á Flúðum. Verslunin er Múrbúðin og býður uppá allt milli himins og jarðar. Ýmislegt til heimilishalds, nýbygginga, viðhalds o.m.fl. Síðastliðinn laugardag var sérstakt opnunargildi og varð einhverjum að orði: „Já, svona ætti að vera hvert einasta kvöld“. Hjónunum Unnari og Hlíf er óskað til hamingju með búðina og það er ósk okkar og von að verslunarreksturinn gangi sem allra best.

Ferðamenn og farfuglar

Þegar farfuglarnir streyma til okkar fara einnig ferðamenn að heimsækja okkur. Hópur skemmtilegs fólks var hér á dögunum sem nefnast Krummarnir. Þeir áttu notalega helgi hér á Flúðum. Nýttu sér ýmiskonar þjónustu sem hér er, gistu og borðuðu kvöldverð á Hótel Flúðum, snæddu hádegisverð á Grund, heimsóttu listamenn, kíktu á Útlagann o.m.fl. Einn af forsvarsmönnum hópsins hringdi í sveitarstjóra til þess að hrósa þjónustuaðilum. Trogsmenn undirbúa tjaldsvæðið undir sumarið og fólk er farið að nýta hjólhýsi sín. Um síðustu helgi var gríðarlega mikið briddsmót á Flúðum þannig að hluti af vorverkum íbúanna er ekki einungis hinn ágæti hefðbundni landbúnaður heldur kraftmikil ferðaþjónusta.

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði (næst 8 júní um kl. 14:00)

Grænna land í útrás

Þau hjónakornin Erla Björg og Vilberg láta sér ýmislegt skemmtilegt detta í hug og framkvæma. Nú hafa þau komið sér upp eldiviðarsölu þar sem upplagt er fyrir þá sem eiga arna eða kamínur að nýta sér ilmandi birkið til þess að kveikja upp með. Þau hafa einnig verið að framleiða kransa, ýmiskonar þurrskreytingar um leið og þau þjónusta garð- og sumarhúsaeygendur.

Ásatúns vatnsveitan

Gengið hefur verið frá samningum Hrunamannahrepps og eigenda ferða- og frístundapjónustunnar í Ásatúni vegna lóða undir vatnstank og dælustöð. Ráðist verður í framkvæmdir varðandi sverun (stækkun?) vatnslagnarinnar í vatnstankinn í landi Ásatúns. Þetta leiðir vonandi til þess að ekki verði vatnsskortur á þessu svæði þó að þurrkar séu og gríðarleg vatnsnotkun við mörg frístundahús í Hrunamannahreppi.

Tilboð í rútuakstur vegna skólaaksturs

Talsverð umræða hefur átt sér stað í fræðslunefndinni okkar m.a. vegna skólaaksturs bæði í dreifbýli og þéttbýli. Samningur við Guðmund Tyrfingsson rennur út 1. júní, en hann hefur þjónustað okkur um langt árabíl. Fræðslunefnd hefur áhuga á að auglýsa eftir áhugasömum heimamönnum sem tilbúnir væru til að skaffa u.þ.b. 40 manna rútu og bjóða í aksturinn. Nauðsynlegt er að fá tilboð í aksturinn fyrir fimmtudaginn 20. maí n.k. fyrir kl. 12.00. Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps.

Tilboð í að girða afréttargirðingu

Á síðasta fundi Landbúnaðarnefndar var ákveðið að bjóða út girðingu á afrétti Hrunamannahrepps. Þegar hefur verið keypt efni enda stóð til að girða á síðasta ári. Nú auglýsum við eftir tilboði í vinnu við girðingu á um 1 km. kafla, og semja síðan við viðkomandi verktaka um viðhald á hinum hlutanum. Upplýsingar gefur formaður landbúnaðarnefndar, Þorsteinn Loftsson. En tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir kl. 12.00, fimmtudaginn 20. maí n.k.

Góður skólabílstjóri lætur af störfum

Einn af okkur tryggu og góðu starfsmönnum Valgeir Jónsson í Þverspyrnu lýkur skólaakstri í lok þessa skólaárs fyrir aldurs sakir. Þegar skrifað er fyrir aldurssakir er Valgeir ótrúlega unglegur eins og reyndar margir Hrunamann eru. Stundum hefur verið sagt að nokkrir þeirra þurfi alltaf að sýna nafnskírteini þegar þeir fá ellilífeyririnn. Valgeiri eru þökkuð góð og farsæl störf og óskað velfarnaðar.

Þjóðhátíðarnefnd

Jón Gunnar Sigurðarson hefur verið skipaður til tveggja ára í Þjóðhátíðarnefnd Hrunamannahrepps f.h. sveitarfélagsins.

Ruslamálaráðherra

Helgi Kjartansson, byggingarfulltrúi hefur verið skipaður ruslamálaráðherra í Hrunamannahreppi 2010. Ruslamálaráðherrann og sveitarstjórinn hvetja íbúa hreppsins til þess að taka vel til og ljúka því fyrir Hvítasunnu. Rusladagurinn hefur ekki verið ákveðinn, en sent verður út dreifibréf þegar þar að kemur.

Frá sóknarnefnd Hrunakirkju:

Eftir Hvítasunnu verður farið í hitaveitufrankvæmdir í Hruna. Lögð verður ný hitaveitulögn frá safnaðarheimili út í kirkju.

Af þeim sökum verður hreinsunardagur í kirkjugarðinum seinna á ferðinni þetta vorið. Vonumst við til að frankvæmdir taki stuttan tíma og verður hreinsunardagur að þeim loknum.

Nánar auglýst síðar.

Nánari upplýsingar í síma 8996412 Marta.

8943333 Unnsteinn.

Með vorkveðju sóknarnefnd Hrunakirkju.

Golfnámskeið fyrir börn og unglina!

Í sumar mun Golfklúbburinn Flúðir bjóða upp á golfnámskeið fyrir börn og unglina á aldrinum 6-16 ára. Æfingarnar munu fara fram á Selsvelli og verða á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10-12. Fjórið byrjar með fyrstu æfingu fimmtudaginn **3. júní**.

Fyrirhuguð eru fjölmörg mót fyrir þennan aldurshóp í sumar. Má þar t.a.m. nefna mótarað þar sem keppt verður á hinum ýmsu golfvöllum á Suðurlandi, aldursflokkamót HSK og einnig innanfélagsmót þar sem einhverjar nýjungar verða á boðstólum.

Til þess að stunda æfingar og keppni þurfa ungir golfarar að greiða árgjald GF, en árgjaldið veitir einnig aðgang að Selsvelli allt árið 2010.

Barna- og unglínganefnd GF

Á-listinn-Ábyrgð-Áhugi-Áræðni.

Þegar kosningar nálgast veltir fólk því fyrir sér hvort breytinga sé þörf í sveitarfélaginu. Íbúar Hrunamannahrepps þurfa að gera það upp við sig hvort hægt sé að gera betur en á undangengnum kjörtímabilum. Á-listafólk er þeirrar skoðunar að ýmislegt megi betur fara og býður því fram lista í annað sinn sem samanstendur af fólki sem hefur góða og fjölbreytta reynslu. Á síðasta kjörtímabili voru fulltrúar Á-listans tveir í hreppsnefnd og þegar farið var yfir málefnalistann kom í ljós að ýmislegt hafði áunnist. Við sem að Á-listanum stöndum göngum með opnum hug inn í það samstarf sem kjósendur ætla okkur að loknum kosningum.

Frambjóðendur Á-listans 2010-2014

1. **Esther Guðjónsdóttir Sólheimum.**
2. **Gunnar Þór Jóhannesson Akurgerði 3.**
3. **Bjarney Vignisdóttir Auðsholti.**
4. **Þröstur Jónsson Högnastíg 8.**
5. **Þorsteinn Loftsson Haukholtum.**
6. **Katrín Emilsdóttir Grafarbakka.**
7. **Grímur Guðmundsson Ásatúni.**
8. **Fríður Sæmundsdóttir Smiðjustíg 17a.**
9. **Auður Kolbeinsdóttir Suðurbrún 8.**
10. **Jón Hjalti Sigurðsson Vesturbrún 2.**

Umboðsmenn: Árni Hjaltason og Kristinn Eiríksson

Upplýsingafulltrúar: Esther og Gunnar Þór.

Hægt er að senda fyrirspurnir í netfangið: kosningar@visir.is

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Er með til sölu Aloe Vera djúsinn góða ásamt fleiri Aloe Vera
vörum.
Uppl.í síma 8986683 Guðbjörg.

KÖKUBASAR



Kæru foreldrar og forráðamenn.

Föstudaginn 21. maí verður kökubasar foreldrafélagsins haldinn í leikskólanum á vorsýningu leikskólans.

Þar sem basarinn er ein aðalfjáröflun félagsins biðjum við foreldra um að bretta upp ermar, taka fram hrærivélina og skella í svona tvær tertur, merktar með heiti og innhaldslýsingu.

Tekið verður við bakkelsinu kl. 15:00 en vorhátíðin hefst kl. 16:00.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga með ykkur góðan dag.

Nefndin

Ég þakka viðskiptin og heimsóknirnar ykkar til mín í Unnarholtskotið en ég mun flytja í byrjun maí og Mini markaðinum hefur verið lokað þar.
Guðrún Brynja 690-1796 gbb@post.com
& King's Soldier á Íslandi.



Kaffi-Sel, golfskálanum,
verður opið sem hér segir frá 1. maí:

Alla daga frá kl. 8.00 til 21.00

**Verið hjartanlega velkomin
Kaffi-Sel - Sími 486-6454**

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

Vakin er athygli á að búið er að uppfæra heimasíðu bókasafnsins. Slóðin er <http://bokasafn.fludir.is/> en einnig er tengill inn á hana af heimasíðu Flúðaskóla og Hrunamannahrepps.

Sumaropnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Aukavinna um kvöld og helgar.

Ég er að leita mér að aukavinnu.

Tek að mér ýmis verk, er lærður smiður og hef unnið í garðyrkju í mörg ár.

Get útvegað tré, skít, áburð og verkfæri til að setja niður tré hjá þér.

Nánari upplýsingar í síma 862-2374



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Meiraprófsnámskeið.

Erum að safna í hóp til að geta fengið meiraprófsnámskeið hingað á Flúðir. Upplýsingar um námið og verðskrá er að finna á heimasíðunni, <http://ovs.is/>

Áhugasamir hafi samband á netfangið

agent_eyrnaslapi@hotmail.com.

Landbúnaðarverslun

Sendum með
mjólkurbílnum



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur
og fjaðrir

Sleipiefni og
litaspray
fyrir
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

Sveitastjórnarkosningar í Hrunamannahreppi fara fram laugardaginn 29. maí 2010. Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna og hefst kosning kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00. Atkvæði verða talin á sama stað, strax að loknum kjöfundum. Tveir listar verða í kjöri Á - listi og H – listi. Athugið að hægt er að kjósa utan kjöfundar á öllum sýsluskrifstofum landsins. Meðfylgjandi eru listar frambjóðenda. Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Heiti lista:

Á-listi

Listabókstafur:

Á

Nafn frambjóðanda	Heimilisfang	Starfsheiti
Esther Guðjónsdóttir	Sólheimar	bóndi
Gunnar Þór Jóhannesson	Akurgerði 3	fangavörður
Bjarney Vignisdóttir	Auðsholt 6	hjúkrunarfræðingur
Þröstur Jónsson	Högnastígur 8	húsasmíðameistari
Þorsteinn Loftsson	Haukholt I	húsasmíðam./ bóndi
Katrín Ösp Emilsdóttir	Grafarbakki 1	garðyrkjufræðingur
Grímur Guðmundsson	Ásatún	ferðaþjónustubóndi
Fríður Sæmundsdóttir	Smiðjustígur 17 a	proskapjálfi
Auður Kolbeinsdóttir	Suðurbrún 8	ritari
Jón Hjalti Sigurðsson	Vesturbrún 2	forstöðumaður

Heiti lista:

H-listinn

Listabókstafur:

H

Nafn frambjóðanda	Heimilisfang	Starfsheiti
Ragnar Magnússon	Birtingaholt	oddviti
Halldóra Hjörleifsdóttir	Suðurhof 7	skrifstofumaður
Unnsteinn Eggertsson	Efra Sel 2	framkvæmdastjóri
Þorleifur Jóhannesson	Hverabakki 2	garðyrkjubóndi
Vigdís Furuseth	Syðra-Langholt 3	ferðaþjónustubóndi
Hörður Úlfarsson	Vesturbrún 11	verktaki
Evelyn Consuelo Bryner	Ljónastígur 8	kennari
Bozena Maria Jozefik	Högnastígur 6	hótelstarfsmaður
Eva Marín Hlynsdóttir	Hrafnkelsstaðir 2	stjórn málafr./bóndi
Sigurður Ingi Jóhannsson	Syðra-Langholt 4	alþingismaður

Kjöt frá Koti



Nautakjöt til sölu af holdagripum.

Eigum til hakk, hamborgarar, gúllas og steikur og grafið nautakjöt við öll tækifæri.

Engum aukaefnum er bætt í kjötið.

Verið velkomin að kynna ykkur úrvalið.

Alltaf opið, en gott er að hringja á undan sér í síma 8943333 Unnsteinn.

Verslum gæðavöru í heimabyggð

Kjötvinnsalan Langholtskoti

Túnþökur til sölu upplýsingar í síma 8943333 Unnsteinn.

Frá Umhverfisnefnd.

Kæru sveitungar, nú er sá tími runninn upp að ruslið í kringum okkur verður meira áberandi heldur en í annan tíma. Þá finnst okkur ástæða til að hvetja fólk til að taka til. Það er ekki nauðsynlegt að bíða eftir rusladeginum, það verður örugglega nóg af rusli þá líka til að tína. Hjálpumst að við að gera sveitina okkar hreina og **halda** henni þannig.

Sumarkeðjur, Gunnlaugur, Magga og Þórunn.



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sumarnámskeið í Jazzballet



Minni á námskeiðið í jazzballet sem auglýst var í seinasta Pésa.

Þetta er skemmtilegt námskeið og er kjörið tækifæri fyrir stelpur sem hafa áhuga á að kynnast aðeins dansheiminum.

Námskeiðið hefst 14. júní og stendur til 1. júlí og verður kennt 3x í viku. Kennt verður frá mánudegi til fimmtudags.

6 - 8 ára frá klukkan 13:00 - 14:00

9 - 12 ára frá klukkan 14:00 - 15:30

13 - 16 ára frá klukkan 16:00 - 17:30

Verð á námskeiðinu er 5.000 krónur.

Skráning fer fram á thordis@pds.is og þarf að skrá sig fyrir 25. maí.

Hlakka til að sjá ykkur sem flestar!
Þórdís Gísladóttir



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

H listinn

H-listinn leggur fram eftirfarandi lista til næstu sveitastjórnarkosninga þann 29. maí 2010

1. Ragnar Magnússon, Birtingaholti 1, oddviti/bóndi
2. Halldóra Hjörleifsdóttir, Suðurhófi 7, skrifstofumaður
3. Unnsteinn Logi Eggertsson, Efra-Seli 2, framkvæmdastjóri
4. Þorleifur Jóhannesson, Hverabakki 2, garðyrkjubóndi
5. Vigdís Furuseð, Syðra-Langholti 3, ferðapjónustubóndi
6. Hörður Úlfarsson, Vesturbrún 11, verktaki
7. Evelyn Consuelo Bryner, Ljónastíg 8, grunnskólakennari
8. Bosena Maria Jozefik Högnastíg 6, hótelfarstarfsmaður
9. Eva Marín Hlynisdóttir, Hrafnkelsstöðum 2, bóndi/stjórnmaflafr.
10. Sigurður Ingi Jóhannsson, Syðra-Langholti 4, alþingismaður/dýralæknir



Fótboltafréttir

Um leið og ég vil þakka öllum knattspyrnu iðkendum samstarfið þá óska ég ykkur gleðilegs sumars og góðs gengis. Munið að vera dugleg í boltanum, æfingin skapar meistarann **J** Árni Þór Hilmarsson hefur nú tekið við þjálfun.

Bestu kveðjur, Heimir þjálfari

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plökkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Skrifstofa Hrunamannahrepps
Sumaropnun hreppsskrifstofu
Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09-12:30

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .
Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00
Laugardaga 10:00-18:00
Sunnudaga: 13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665.**
Inga Birna.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Tónleikar í Skálholtskirkju föstudaginn 14. maí (í dag) kl. 17:00

Vörðukórinn og Aasen songlag frá Noregi.

Föstudaginn 14. maí kl. 17:00 syngja 2 kórar í Skálholtskirkju.

Aasen songlag kemur frá Aasen í Norður-Þrændalögum í Noregi, u.þ.b. 60 km norðan við Þrándheim.

Kórinn byggir á norskri sönghefð og er hér í heimsókn í tilefni af 80 ára starfsafmæli.

Vörðukórinn byggir aftur á móti á íslenskri sönghefð og hefur einungis starfað í 15 ár.

Stjórnandi Vörðukórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Frá formanni Hestamannafélagsins Smára.

Það er að komið vor og allflestir komnir með fiðring og farnir að ríða mikið út. Fleiri eru með fiðring og fara þá að keyra um á vélfákum á hinum ýmsu vegum sveitanna. Komið hefur fyrir í þriggung nú undanfarið að legið hefur við stór slysi vegna þessa þar sem vélhjól og hestar mætast á **reiðvegum**. Veit ég að það liggur á okkur í félaginu að merkja reiðvegina svo það sé klárt mál að um reiðveg sé að ræða en ekki vélhjólbraut og verður bætt úr því. Smárafélagar við þurfum að vera á varðbergi ef við heyrum í vélhjólum og gera þá raðstafanir, þið sem akið um á vélhjólum verðið að gera svo vel og sleppa því að vera aka um á reiðvegnum þeir voru ekki lagðir fyrir ykkur. Þeir eru lagðir fyrir reiðvegafé sem úthlutað er til hestamannafélaga og ætlaðir ríðandi umferð, ég bendi ykkur vélhjólamönnum á að ef næst í ykkur við akstur á merktum reiðvegum getur viðkomandi átt á hættu að fá á sig kæru og sektir. Hreppakappar félag vélhjólamanna fékk afnot af reiðhöllinni í vetur og talaði formaður ykkar þá um að öll dýrin í skóginum ættu að vera vinir, vona ég að svo sé enn og ekki sé um að ræða hreppakappafélaga sem aka um á reiðvegum. Vona ég að þið vélhjólamenn takið ykkur á og akið ekki á reiðvegnum bæði vegna þess að það fer ekki vel með þá og skapar óþarfa hættu á slysum, við skulum ekki bíða eftir því að það verði slys og allt verði verra en þegar er orðið í þessum málum.

Með kveðju

Guðni Árnason formaður Hestamannafélagsins Smára

Frá Hestamannafélaginu Smára



Ágætu félagar

Það er Landsmótsár og þá þarf að vera úrtaka fyrir það, hún hefur verið ákveðin í samráði við nokkur önnur hestamannafélög á suðurlandi. Stefnt er að halda hana á Gaddstaðafötum dagana 11-14 júní, þetta verður einnig gæðingamót og boðið verður uppá að knapar geti farið 2 ferðir ef vilja. Vek athygli á að byrjað er fimmtudaginn 11 á A flokki gæðinga og úrslit verða á sunnudag. Stefnt er að því að ráðinn verði þjálfari fyrir börn og unglínga eins og fyrir fyrri Landsmót, gott væri ef þið félagar góðir yrðuð í sambandi við okkur í stjórninni eða æskulýðsnefndinni og kæmuð á framfæri við okkur ef áhugi er fyrir hendi hjá ykkar krökkum sem vilja reyna sig við úrtöku á Landsmót. Það mun verða einn þjálfari ef hann finnst fyrir alla og stefnt er að því að byrjað verði sem fyrst. Vilji knapar leita annað er það á þeirra kostnað. Eitthvað er kvefpestin að gera einhverjum lífið leitt þessa dagana en það stytir upp um síðir og þetta lagast vonandi fljótt.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán





Maggi í Haukholtum og dæturnar með tvö skrautleg lömb

Ljós:SigSigm



8. maí sl opnaði Múrbúðin á Flúðum og hér eru þær Alda og Sandra í 20th „garnhorninu”

Ljós:SigSigm